

Greinargerð um kosningar 04. maí 2024

Sveitarstjórnarkosningar

Almennt gekk framkvæmd sveitarstjórnarkosninganna vel fyrir sig í kjördeildum sveitarfélagsins. Nokkur atriði komu þó fram varðandi utankjörstaðaatkvæðagreiðslur hjá sýslumönnum og hefur Landskjörstjórn verið upplýst um þá hnökra.

Yfirkjörstjórn kom saman sunnudaginn 05.05 til að fara yfir breytta kjörseðla og útstrikanir á kjörseðlum. Samantekt um breytingar á kjörseðlum voru sendar til oddvita hvors framboðs fyrir sig. Landskjörstjórn óskaði eftir nánari upplýsingum um breytta kjörseðla og kom yfirkjörstjórn saman ásamt umboðsmönnum til að ganga frá þeirri skýrslu.

Umboðsmenn beggja lista voru upplýstir um réttindi sín og skyldur á fundi með yfirkjörstjórn föstudaginn 03.05 og þar var þeim afhent eintak af reglugerð nr. 499 um réttindi og skyldur umboðsmanna við framkvæmd kosninga. Almennt gekk samstarf umboðsmanna og kjörstjórna vel yfir daginn og ekki komu upp ágreiningsatriði meðan á kosningum stóð.

Yfirkjörstjórn vill þó koma á framfæri alvarlegum athugasemdum varðandi störf umboðsmanna á talningarstað hvað varðar trúnaðarbrot þeirra um tilkynningu úrslita. Á fundi með umboðsmönnum var tilkynnt hvernig tilkynningu talningar yrði komið á framfæri og var þar stuðst við fyrirmæli frá Landskjörstjórn. Þar sem Vesturbyggð er ekki aðili að stafrænu Island.is var niðurstaða á fundi með Landskjörstjórn að sendur yrði tölvupóstur á alla frambjóðendur á báðum listum áður en tilkynningin kæmi á heimasíðu sveitarfélagsins og fyrr mætti ekki segja frá úrslitunum. Þessi fyrirmæli voru kynnt á fundi með umboðsmönnum og ítrekuð á talningarstað. Yfirkjörstjórn er heimilt að leggja hald á öll samskiptatæki umboðsmanna á meðan á talningu stendur en ákvað að gera það ekki þar sem borið var traust til umboðsmanna um að þeir myndu fara eftir þessum fyrirmælum. Þetta traust var brotið og það er staðfest að skilaboð bárust frá umboðsmanni til frambjóðanda áður en úrslitin voru formlega tilkynnt.

Í 53. grein kosningalaga nr. 112/2021 er skýrt tekið fram að umboðsmönnum beri að hlíta þeim fundarreglum sem yfirkjörstjórn setur. Yfirkjörstjórn lítur þennan trúnaðarbrest mjög alvarlegum augum þar sem ekki var aðeins brotið gegn fyrirmælum yfirkjörstjórnar heldur fyrirmælum Landskjörstjórnar sem byggir þau á lögum og reglum. Allir starfsmenn við talningu voru látnir skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu og voru vel meðvitaðir um þá ábyrgð sem því fylgir en traust var borið til umboðsmanna varðandi trúnað og þeir skrifuðu því ekki undir slíka yfirlýsingu. Yfirkjörstjórn áskilur sér rétt til að grípa til þeirra aðgerða sem hún telur nauðsynlegar til að tryggja trúnað um niðurstöður áður en þær eru gerðar opinberar til að tryggja að slíkur trúnaðarbrestur verið ekki aftur. Það er ljóst að við næstu kosningar verður yfirkjörstjórn að grípa til þeirra aðgerða að haldleggja öll samskiptatæki umboðsmanna og meina þeim að yfirgefa talningarstað fyrr en úrslit hafa verið formlega yfirfarin af yfirkjörstjórn og tilkynnt til frambjóðenda og á heimasíðu. Sú staða getur hæglega komið upp að úrslit séu svo tvísýn að telja þurfi aftur og þá er mjög alvarlegt að upplýsingar séu farnar úr húsi vegna trúnaðarbrots.

Yfirkjörstjórn Sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar hefur óskað eftir úrskurði Landskjörstjórnar á þessu atriði þar sem talning skal fara fram fyrir opnum tjöldum en ef áheyrendur eru að fylgjast er nánast ómögulegt að koma í veg fyrir að úrslitin berist út. Tíminn sem tók starfsmenn að senda út 28 tölvupósta á frambjóðendur og setja frétt inn á heimasíðu sveitarfélagsins var rúmur

hálf tími og á þeim tíma bárust fréttir út af talningarstað. Starfsmenn yfirkjörstjórnar voru búnir að vinna mikla undirbúningsvinnu en þrátt fyrir það tók sendingin þennan tíma. Yfirkjörstjórn hefur óskað eftir fundi með Landskjörstjórn til að ræða þessi atriði þar sem við teljum þau illfrankvæmanleg.

Niðurstöður úr sveitarstjórnarkosningum í Sameinuðu sveitarfélagi Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar voru sem hér segir:

Á kjörskrá voru 1001. Talin voru 665 atkvæði. Kjörsókn var 66,43%

D-listi Sjálfstæðisflokks og óháðra hlaut 268 atkvæði

N-listi Nýrrar sýnar hlaut 377 atkvæði

Auðir seðlar eða ógildir voru 20.

D-listi fær 3 menn

N-listi fær 4 menn

Kjörin voru í bæjarstjórn:

Páll Vilhjálmsson (N)

Friðbjörg Matthíasdóttir (D)

Jenný Lára Magnadóttir (N)

Maggý Hjördís Keransdóttir (D)

Gunnþórunn Bender (N)

Tryggvi B. Bjarnason (N)

Jóhann Örn Hreiðarsson (D)

Heimastjórnarkosningar

Kosið var til heimastjórna í Sameinuðu sveitarfélagi Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar í fyrsta skipti. Unnið var eftir reglum og samþykktum þar um sem samþykktar voru af innanríkisráðuneyti eftir tillögum undirbúningsstjórnar fyrir sameininguna. Atkvæðagreiðsla í heimastjórnarkosningum hófst þann 19.04.2024 og fór hún fram í Ráðhúsi Vesturbyggðar á opnunartíma skrifstofu. Einnig gátu kjósendur nýtt sér póstkosningu ef þeir voru staddir annars staðar á landinu. Upplýsingar um framkvæmd kosninganna og hvað kjósendur þyrftu að hafa í huga voru birtar á heimasíðu Vesturbyggðar og samfélagsmiðlum auk þess sem fyrirkomulagið var kynnt á opnum fundum framboðanna. Almennt gengu kosningarnar vel fyrir sig en þó varð misskilningur með að afrit af kjörskrá lægi frammi á kjörstað fyrir kjósendur í heimastjórnarkosningum. Slíkt afrit lá ekki frammi fyrr en athygli yfirkjörstjórnar hafði verið vakin á að slíkt fyrirkomulag hefði verið auglýst fyrir kosningarnar. Yfirkjörstjórn brást við þessum athugasemdum með því að fara með slíkt afrit í allar kjördeildir um miðjan dag. Í næstu kosningum mun slíkt afrit liggja frammi í hverri kjördeild á kjördag þannig að kjósendur geti leitað sér upplýsinga óski þeir

Þess. Athygli er þó vakin á uppsetningu kjörskráa að þeim er raðað eftir heimilisföngum en ekki í stafrófsröð og má ekki breyta út af þeirri uppsetningu eftir því sem best er vitað.

Kosningar til heimastjórnna á hverjum stað fyrir sig gengu almennt vel og mikill og góður lærdómur fékkst við framkvæmd bæði kosninganna og talningar. Farið hefur verið vel yfir alla framkvæmd og yfirkjörstjórn mun fara eftir þeim minnisatriðum og taka mið af þeirri reynslu sem fékkst núna við undirbúning og framkvæmd næstu kosninga árið 2026.

Niðurstöður kosninganna voru sem hér segir:

Heimastjórn Patreksfjarðar:

Aðalmenn voru kjörin:

Rebekka Hilmarsdóttir, 95 atkvæði

Gunnar Sean Eggertsson, 50 atkvæði

Varamenn voru kjörnir:

Sigurjón Páll Hauksson, 16 atkvæði

Sveinn Jóhann Þórðarson, 9 atkvæði

Á kjörskrá á Patreksfirði voru 564. Atkvæði greiddu 232.

Heimastjórn Tálknafjarðar:

Aðalmenn voru kjörnir:

Þór Magnússon, 48 atkvæði

Jónas Snæbjörnsson, 33 atkvæði

Varamenn voru kjörnir:

Jón Aron Benediktsson, 12 atkvæði

Trausti Jón Þór Gíslason, 4 atkvæði

Á kjörskrá á Tálknafirði voru 197. Atkvæði greiddu 134.

Heimastjórn Arnarfjarðar:

Aðalmenn voru kjörnir:

Rúnar Örn Gíslason, 31 atkvæði

Valdimar B. Ottósson, 12 atkvæði

Varamenn voru kjörnir:

Jón Þórðarson, 10 atkvæði

Matthías Karl Guðmundsson, 5 atkvæði

Á kjörskrá í Arnarfirði voru 190. Atkvæði greiddu 107.

Heimastjórn fyrrum Barðastrandarhrepps og Rauðasandshrepps:

Aðalmenn voru kjörnir:

Elín Eyjólfsdóttir, 15 atkvæði

Edda Kristín Eiríksdóttir, 10 atkvæði

Varamenn voru kjörnir:

Þórður Sveinsson, 7 atkvæði

Ástþór Skúlason, 5 atkvæði

Á kjörskrá í fyrrum Barðastrandarhreppi og Rauðasandshreppi voru 72. Atkvæði greiddu 49.

Yfirkjörstjórn lauk við uppröðun annarra sem fengu atkvæði í hverja heimastjórn til að röðun næsta manns sé ljós ef til breytinga á heimastjórnnum kemur, á fundi sínum 13.05.2024.

Samþykkt á fundi yfirkjörstjórnar 13.05.2024.